

124

14. sept.

## AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tíma-  
bilið frá 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946.

- I. Reykjavíkurkaupstaður, Akraneskaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðar-  
kaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnar-  
fjarðarkaupstaðar:

Til fulls	4 ára	aldurs	kr.	680.00
— —	7 —	— —	—	570.00
— —	15 —	— —	—	680.00
— —	16 —	— —	—	340.00

- II. Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og  
Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandar-  
sýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-  
Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla,  
Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múla-  
sýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnes-  
sýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður.

Til fulls	4 ára	aldurs	kr.	570.00
— —	7 —	— —	—	465.00
— —	15 —	— —	—	570.00
— —	16 —	— —	—	285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún  
verður hvern mánuð á tímabilinu 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946. Verðlagsuppbótin  
greiðist mánaðarlega eftir á.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1946.*

**Finnur Jónsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

125

19. sept.

## GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

- Gjald af íbúðarhúsum, verzlunarhúsum o. þ. h.:
  - Af húsum virtum að fasteignamati allt að ..... kr. 3000.00, 15 %
  - Af næstu ..... — 4000.00, 10 —
  - Af því, sem þar er fram yfir ..... — 8 —
  - Minnsta gjald sé ..... — 50.00 á hús.
- Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna  
atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við bæjar-  
stjórn. Sömu leiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, sláturhús, baðhús, þvottahús,  
iðnaðarfyrirtæki og til hvernar annarrar slíkrar notkunar. Náist ekki samkomu-  
lag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli, sem hér  
segir: